




Kristján Davíðsson

opnar málverka- sýningu.

KRISTJÁN DAVÍÐSSON
listmálari opnaði í gær sýningu
í bogasal Þjóðminjasafnsins.
Verður sýningin aðeins opin í

viku. Sýndar eru 40 myndir,
flestar gerðar á þessu ári.

Síðasta stóra sýning Krist-
jáns var í Listamannaskálanum
árið 1950. Síðan hefur hann
sýnt í Morgunblaðsglugganum
og í nóvember sl. sýndi hann í
Sýningarsalnum í Alþýðuhúsi-
nu. Þá hefur hann tekið þátt í
fjölda samsýninga hér heima og
erlendis sían árið 1947.

Aðalfundur Íslenzk- sænska félagsins.

ADALFUNDUR Íslenzk-
sænska félagsins var haldinn í
Leikhússkjallaranum laugardag
inn 26. apríl síðastl.

Formaður félagsins, Guðlaug
ur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri
gerði grein fyrir starfi félags-
ins á síðastliðnu ári. Félagið
bauð á síðastliðnu hausti
sænska rithöfundinum Harry
Martinsson, sem jafnframt er
einn af átján í Sænsku akadem-
íunni, hingað til lands. Harry
Martinsson dvaldi hér í hálfan
mánuð og hélt fyrirlestur í Ísl-
sænska félaginu og í Háskólan-
um og las úr verkum sínum hjá
Rithöfundafélögunum. Þá ferð-
aðist hann nokkuð um landið.

Mjög fjölmenn Lucihátíð
var haldin að venju. Félagið
fékk allmikið af nýjum sænsk-
um bókum, sem félagsmenn fá
lánaðar og eru þær geymdar í
bókasafni sænska lektorsins og
sér lektorinn um útlán bók-
anna.

Félagsmenn eru nú um 130.
Úr stjórninni áttu að ganga for-
maðurinn, Guðlaugur Rósinkranz,
varaform. Árni Tryggvason
hæstaréttardómari, Sigurður
ur Hafstað stjórnarráðsfulltrúi
og Jón Magnússon fréttastjóri,
og voru þeir allir endurkjörnir
í einu hljóði, en í stað Helga
Hjóvar rith., sem baðst undan
endurkosningu, var einnig ein-
róma kosinn Gunnar Steindórson
framkvæmdastjóri. Fyrir
eru í stjórninni dr. Sigurður
Þórarinnsson og Halldór Kiljan
Laxness. Endurskoðendur voru
endurkjörnir Halldór Jónsson
arkitekt og dr. Björn Sigfússon.

Yfirlýsing frá kaffi- brennslu Blöndals.

FRJÁLS ÞJÓÐ spyr þann 26.
apríl sl.: „Í hvaða gæðaflokki
er kaffisendingin, er síðast
kom?“ en þar er átt við kaffi-
sendingu, er kom með e.s. Askja
þann 4. apríl sl.

Frjáls þjóð fullyrðir að verka
menn, sem vinna við höfnina,
haldi því hikaust fram að hér
hafi verið um „úrgangshrak“
af kaffi að ræða, baunirnar hafi
verið svartar og smáar.

Við viljum ekki fella neinn
dóm á umrædda kaffisendingu,
en viljum til þess að fyrir-
byggja allan misskilning hjá
viðskiptavinum okkar taka það
skýrt fram, að við áttum ekk-
ert kaffi með umræddu skipi.

Loks viljum við lýsa yfir,
að við flytjum alltaf inn ein-
ungis það besta kaffi, sem hægt
er að fá í Brazíliu, en það er
líka eina landið, sem flytja má
kaffi frá.

Kaffibrennsla Blöndahls.

Ungtemplarar

Framhald af 12. áíðu.

lind, stórtemplar. Mættir voru
fulltrúar frá öllum ungmenna-
stúkunum, samtals 33 fulltrú-
ar auk undirbúningsnefndar
sambandsstofnunar. Margir
gestir voru viðstaddir stofnun-
ina. Flutt var skýrsla undir-
búningsnefndar og þar með
лагаuppkast fyrir sambandið
Íslenzkir ungtemplarar.

Lögin voru samþykkt og því
næst va kosið í stjórn sam-
bandsins. Þessir hlutu kosn-
ingu:

Árelíus Nielsson form.
Sig. Jörgensson varaform.
Einar Hannesson rit.
Lárus Guðm. féhirðir.
Guðm. Þórarinnsson fr.stj.

OKKAR Á MILLI SAGT

MENN, sem gerst fylgjast með stjórnmálunum, hafa tel-
ið eftir, að það er enginn kraftur og enginn þungi í stjórnar-
andstöðu Sjálfstæðismanna þessar vikurnar . . . Þeir skrifa
litið, tala litið um stærri málin á þingi og kveða sér aldrei
hljóðs utan dagskrár eins og þeir gerðu í eina tíð . . . Sann-
leikurinn er sá, að Sjálfstæðismenn hafa engan áhuga á að
fella ríkisstjórnina strax af þeirri einföldu ástæðu, að efna
hagsvandamál þjóðarinnar eru svo alvarleg, að Sjálfstæðis-
flokkurinn kæfir sig ekkert um að þurfa að glíma við þau
. . . Sjálfstæðismenn segja margir í einkasamtölum, að þeir
vonist eftir kosningum og stjórnaðskiptum næsta vor, og geri
sér von um, að þá ári betur fyrir þjóðinni.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að staðsetja högg
myndina Hafmeyjuna eftir Nínu Sæmundsson í suðvestur
horni Tjarnarinnar úti í vatninu. . . Listaverkanefnd vill
láta kaupa myndina „Knattspyrnumenn“ eftir Sigurjón Ólafs-
son, en fá þar um umsögn Laugardalsnefndar og stjórnar í
þróttasvæðanna.

BJARNI BENEDIKTSSON, ritstjóri Morgunblaðsins,
varð fimmtugur á miðvikudaginn . . . Ekkert var á það
minnst í blöðum þá. . . Samt sem áður barst hon-
um að gjöf málverk eftir Kjarval . . . Afhenti listamaður
inn málverkið gefendum á afmælisdaginn, og var þá búið
að mála yfir það þvert með hvítu: „Bjarni Ben. Afmæli
1958“.

Nýlega ráðinn verkfræðingur hjá Landssímanum er Þór
varður Jónsson frá Ísafirði . . . Lauk hann prófi í símaverk-
fræði í Höfn 1956, og vann svo hjá dönsku símastjórninni um
tíma.

Listaverkanefnd bæjarins leggur til, að keyptur sé list-
vefnaður hjá frú Ester Búadóttur til uppsetningar í Heilsu-
verndarstöðinni, og hefur bæjarstjórn samþykkt kaupin * * *
Hinn nýi kór, Pólyfónkórinn, sem hélt söngskemmtun eftir
páskana, sækir um 20 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði til starf-
seminnar. * * * Alls komu á síðasta ári 9279 erlendir far-
þegar til Íslands með skipum og flugvélum, en 9328 fóru. ***
Þeir voru frá 30—40 þjóðlöndum, þar á meðal Kínverjar og
Japanir, Egyptar, Tyrkir, Ástralíumenn og Nýsjálendingar.

Maður nokkur fékk lögfræðing til innheimtu á van-
goldnu kaupum . . . Eftir að lögfræðingurinn var búinn að
stefna fyrirtækinu, sem í hlut átti, og málið var komið í
dóm, upplýstist, að maðurinn hafði tekið 700 kr. lán hjá
lögfræðingnum út á væntanlegt kaup, en hann var þá bú-
inn að fá greitt kaupðið hjá fyrirtækinu . . . Varð því lög-
fræðingurinn að snúa við blaðinu og lögsækja skjólstæð-
ing sinn.

Þeir kennarar við iðnskólann fara til útlanda í kynnis- og námsferðir.

Njóta styrkja úr „Utanfararsjóði kenn-
ara við iðnskólann“, stofnaður 1943.

ÁRIÐ 1943 var stofnaður ut-
anfararsjóður kennara við iðn-
skólann í Reykjavík. Tilgangur
sjóðsins er að styrkja kennara
skólans til utanfara til þess að
kynna sér nýjungar í kennslu-
greinum sínum. Greiða kenn-

arar vissan hundraðshluta af
launum sínum ár hvert til sjóðs-
ins, en auk þess leggur skólinn
honum nokkurt fé. Var það viss-
hluti greiddra skólagjalda, með
an skólinn starfaði sem einka-
skóli, en nú, eftir að hið opin-
bera tók rekstur hans í sínar
hendur, rennur hluti prófgjalda
til utanfararsjóðsins, samkv. á-
kvörðun skólanefndar og í sam-
ræmi við reglugerð um iðn-
skóla frá 1955.

Varamenn voru kosnir þeir
Hreiðar Guðnason og Björn
Karlsson.

ÁVÖRP OG RÆÐUR.

Að stjórnarkosningu lokinni
tók hinn nýkosni formaður við
fundarstjórn. Ávörp fluttu yfir
maður Góðtemplarareglunnar,
Benedikt S. Bjarklind, stór-
templar, Sune Persson fulltrúi
Norræna ungtemplarasam-
bandsins, sem færði samband
inu góðar gjafir frá Norræna
sambandinu og hinu sænska,
Þósteinn J. Sigurðsson um-
dæmistemplar, Indriði Indriða-
son þingtemplar Reykjavíkur
og Ólafur Þ. Kristjánsson,
þingtemplar Hafnfirðinga. —
Kveðjur bárust einnig frá
ýmsum erlendum forystumön-
um og samböndum ungtempl-
ara.

Lokabáttur hátíðahaldanna
í sambandi við stofnunina, var
almenn skemmtun ungtempl-
ara í Góðtemplarahúsinu.

Stjórn sjóðsins skipa: Sig-
mundur Halldórsson, form.
skólanefndar. Þór Sandholt
skólastjóri og Aðalsteinn Jó-
hannsson, form. kennarafélaga
iðnskólans.

Dregið í happdrættisskuldabréfa- láni Flugfélags Íslands

ÚTDREGNIR vinningar í
happdrættisskuldabréfaláni
Flugfélags Íslands h.f. 30. apríl
1958.

Kr. 10 000.
86547

Kr. 8000.
79472

Kr. 7000.
16739

Kr. 6000.
75822

Kr. 5000.

25853 58087 82770 83648 83649

Kr. 4000.

3496 18471 26617 37080 41289

52038 55209 63255 73264 81245

Kr. 3000.

3581 6281 7025 7204 19377

21839 25504 26585 29021 36174

26401 39946 55820 59542 65763

67975 75152 80397 80871 99445

Kr. 2000.

8532 8820 15347 16149 20125

24404 26165 30151 31875 44339

48964 50535 51612 54783 58516

65099 69683 73865 74057 74905

75973 78620 79438 86697 91335

91588 92953 94632 95863 97329

Kr. 1000.

523 1507 1784 2416 2518

3934 4398 5148 5641 6478

Indónesíustjórn segir uppreisnarmenn fá hjálp erlendis frá.

DJAKARTA, föstudag. Indó-
nesíustjórn hélt því fram í dag,
að uppreisnarmenn á Súmötru
og Celebres hefðu fengið vopn
erlendis frá fyrir yfir 200 millj.
króna. Subandris, utanríkisráð-
hera, tilkynnti jafnframt, að
hann væri reiðubúinn til að láta
ameríska sendiherranum í té
afrit af leyniskýrslu, er sýni, að
amerískir bogarar taki þátt í
barátunni með uppreisnarmön-
num. „En Sokarno forseti er
sannfærður um, við getum, án
hjálpar utan frá, bælt uppreisn-
ina niður,“ sagði ráðherrann.

or les og flytur formálsorð).
21.05 Um helgina. — Umsjónar-
menn: Gestur Þórgímsson og
Páll Bergþórsson.
22.05 Danslög (plötur).

Dagskráin á morgun:

13.15 Búnaðarþáttur.
19.30 Tónleikar: Lög úr kvik-
myndum (plötur).
20.20 Um daginn og veginn (Vil-
hjálmur S. Vilhjálmsson rit-
höfundur).
20.40 Einsöngur: Paul Robeson.
21 „Spurt og spjallað.“
22.10 Hæstaréttarmál.
22.30 Kammertónleikar.

Útvarp Reykjavíkur

Dagskráin í dag:

9.30 Fréttir og morguntónleikar.
11 Messa í Laugarneskirkju.
15 Miðdegistónleikar.
16 Tónleikar Hljómsveitar Rík-
isútvarpsins í Þjóðleikhúsinu.
17 Guðsþjónusta Fíladelfíusafn-
aðarins í útvarpsal.
18 „Sunnudagslögin.“
18.30 Barnatími.
19.30 Tónleikar: Fritz Kreisler.
20.20 Tónleikar.
20.40 Upplæstur: „Smíðurinn og
skrúfan“, kvæði eftir Franc-
ois Coppée, í þýðingu Matt-
híasar Jochumssonar (Stein-
grímur Þorsteinsson prófess-
or les og flytur formálsorð).